


Brúarásskóli

Sjálfsmatsskýrsla 2017-2018

Sjötta árið í röð voru kannanir gerðar í gegnum Skólapúlsinn sem leggur fyrir kannanir í fjölda skóla á Íslandi og því hægt að bera Brúarásskóla saman við aðra skóla í svipaðri stærð. Nemendakönnun var lögð fyrir í apríl en ekki í október líkt og síðustu ár(6.-10. bekkur) . Annað hvert ár eru lagðar fyrir foreldra- og starfsmannakönnun og var það gert núna veturinn 2017-2018. Marktækur munur er gefin upp í könnunum og telst munur upp á 0,5 lítill munur, 1,0 er töluverður munur, 1,5 stig og meira telst mikill munur.


Foreldrakönnun

Í foreldrakönnuninni er spurt um eftirtalda þætti, nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðning. Í heild kemur könnunin vel út og foreldrar ánægðir með starf skólans, þó eru þættir sem hafa dalað frá síðustu könnun en eru yfir meðallagi. Í þættinum nám og kennsla er ánægja mikil með stjórnun skólans og hæfilega þyngd á námsefni. Agi og nám og kennsla eru vel yfir meðallagi en þó með lægra skor en áður.




Í þættinum velferð nemenda eru allir þættir jákvæðir þó að umfang eineltis sé aðeins yfir meðallagi en hefur þó minnkað frá síðustu könnun. Flestir þættir eru áþekkir síðust könnun og líðan nemenda í skólanum að mati nemenda góð

2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt – Röðun




Í þættinum aðstaða og þjónusta er verið að spyrja um aðstöðu, tómstundapjónustu og mötuneyti. Foreldrar eru áberandi ánægðir með aðstöðu í skólanum. Varðandi þátttöku nemenda í tómstundum er skólinn alltaf undir meðaltali þó að nemendum hafi fjölgað sem stunda skipulagða tómstundir utan skóla og ánægja með mötuneytið er mikil.


3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum – Röðun*



Í þættinum foreldrasamstarf er útkoman misjöfn. Kennarar hafa frumkvæði að foreldrasamstarfi. Foreldrar finnst þeir hafa áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur en alls ekki hvað varðar námsáætlanir og vægi þeirra finnst foreldum einnig ekki mikilvægt. Foreldrar eru vel upplýstir um stefnu skólans en einhverjir voru ekki ánægðir með síðasta foreldraviðtal.




Í þættinum heimastuðningur eru flestar spurningar við meðaltalið, þó fer minni tími foreldra að aðstoða börn sín heima og foreldrum finnst heimanám hæfilegt. Væntingar til háskólanáms er langt undir meðaltali en stendur í stað. Ný spurning kom inn í þessa könnun sem mælir væntingar til iðnnáms og þar eru væntingar miklar.




Starfsmannakönnun


Í fyrstu tveimur þáttunum svara allir starfsmenn og spurt er almennt og um viðhorf til skólans. Í almennum spurningum er spurt um starfsmannaviðtöl og gagnsemi þeirra sem er mjög góð. Síðan er spurt um áreitni og einelti. Áreitni mælist ekki en einelti er á pari við aðra skóla. Í viðhorfsþættinum er allir þættir yfir meðallagi og starfsandinn skorar þar hæst



Næstu fjórir þættir snúa að kennurum og fjalla um kennarastarfið, starfsumhverfi, mat og endurgjöf og símenntun. Spurningar varðandi kennarastarfið eru allar langt yfir meðaltali fyrir utan þær tvær sem snúa að stuðningi við nemendur með náms- og hegðunarörðuleika.



4.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem. –




Þættirnir mat og endurgjöf og símenntun kennara koma vel út.


Nemendakönnun

Nemendakönnun Brúarásskóla var einungis lögð fyrir í apríl og niðurstöðurnar ekki eins góðar og síðustu ár. Í vangaveltum um ástæður þess kom m.a. í ljós að almennt á landinu kemur apríl könnun nemenda verr út en október könnun, og er það liður í niðurstöðunum. Allir nemendur 6. – 10. bekkjar tóku þátt. Spurt er í könnuninni um virkni nemenda í skólanum, líðan þeirra og skóla- og bekkjaranda. Helstu niðurstöður að nemendur koma verr út á öllum þáttum, þeir eru í meðaltali á flestum stöðum og nokkrir þættir mælast töluvert undir.


Í þættinum virkni nemenda eru allir þættir undir meðaltali, þar hefur þó áhugi á stærðfræði heldur batnað en aðrir þættir dalað t.d. trú á eigin vinnubrögðum



Í þættinum líðan og heilsa eru nemendur Brúarásskóla á yfir meðallagi í öllum þáttum og spurningin um einelti kemur einstaklega vel út í samanburði við aðra skóla af sambærilegri stærð þar sem einelti mælist minnst í Brúarásskóla.



Í þættinum skóla- og bekkjarandi eru spurningar um samsömun við nemendahópinn og samband við kennara fyrir ofan meðallag, agi og virkni í tímum rétt fyrir neðan meðallag og heimanám á pari. Þessir þættir eru þó allri lægri en í síðustu könnunum.



Árangur nemenda í leik og starfi

Nemendur skólans tóku þátt í ýmsum verkefnum og keppnum skólaárið 2017-18. Almennt er mikil áhersla lögð á að hvetja ungdóminn í að taka þátt í því sem um er að vera en oft hefur áhugi verið meiri.

Nemendur 7. bekkjar tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni.

Lið Brúarásskóla tók þátt í Skólahreysti fimmta árið í röð og stóð sig vel.

Skólinn sendi eitt lið í First Lego tæknikeppnina í Háskólabíói í Reykjavík í nóvember, liðið stóð sig með sóma. Keppendur urðu samferða liði úr Egilsstaðaskóla og gekk það samstarf mjög vel.

Úrbótaáætlun 2017-2018

Sjá má að jákvæðar breytingar hafa orðið af ánægju nemenda varðandi lestur, stærðfræði og náttúrufræði. Unnið verður áfram að styrkja þessa þætti með því að styrkja tækja- og bókakost, ásamt endurmenntun kennara. Þróunarverkefni skólans virðist hafa jákvæð áhrif á flesta matsþætti er snúa að virkni og skóla- og bekkjaranda. Haldið verður áfram á sömu braut. Hvað varðar þætti um líðan og heilsu þá er allir nokkuð góðir en vilji er að styrkja þá enn betur með því að halda vel á lofti hugmyndinni um heilsusamlegan skóla og samfélag.

Í ljós hefur komið eftir því sem árin líða að það ber á leiða nemenda skólans að taka nemendakannanirnar tvisvar á ári. Þar sem nemendur skólans eru það fáir er ekki um úrtak að ræða. Ákveðið hefur verið í samráði við starfsmenn Skólapúlsins að leggja könnunina fyrir einu sinni á ári og það í apríl. Á komandi skólaári veður því lögð fyrir ein nemendakönnun, ein foreldrakönnun og ein starfsmannakönnun.

Úrbótaáætlun 2018-2019

Varðandi foreldrakönnunina þá verður unnið áfram í því að styrkja samband foreldra og skólans. Einhverjar breytingar verða á þessum samskiptum vegna nýrra persónuverndarlaga en mikilvægt að útskýra vel fyrir foreldrum þær breytingar þannig að samskiptin verði áfram góða fyrir alla í skólasamfélaginu. Agamál eru tíðrædd og áfram verða þau þróuð og rædd í samvinnu við foreldra. Foreldrar eru mjög vel upplýstir um stefnu skólans og námskrá og það er mjög mikilvægur þáttur í því þróunarstarfi sem unnið hefur verið síðustu ár.

Starfsmannakönnunin kemur vel út og í vetur er aukið starfshlutfall í í stuðningi og sérkennslu og mun það vonandi styðja við þá ósk kennara um meiri stuðningi við nemendur með náms- og hegðunarerfiðleika.

Hvað varðar nemendakönnunina þá er erfitt að halda toppnum. Niðurstöður nemendakannana síðustu ára hafa afburðagóðar og því bara ein leið frá því og það er lakari niðurstöður, þó þær séu nokkuð góðar miðað við sambærilega skóla. Nokkrar ástæður er hægt að tína til, sú fyrsta er að einungis ein könnun var gerð í vetur og hún í apríl. Staðreynd er að kannanir í apríl koma að jafnaði verr út en í október, skynsamlegra hefði verið að hafa könnunina í janúar. Ákveðið

hefur verið að leggja aftur tvær kannanir í veturinn 2018 til 2019 til að fá niðurstöður fyrr og geta unnið með þær. Í framhaldinu væri kannski hægt að leggja fyrir eina könnun í janúar. Miklar breytingar urðu á nemendahóp 6.-10. bekk og töluverð sundrung í hópnum. Kynjahlutfall er ójafnt og sérþarfir miklar, drengir í miklum meirihluta og verða það einnig næsta vetur yfir 70% strákar.

Til að styrkja nemendahópinn verður farið á námskeið sem ber nafnið “Verkfærakistan” sem hefur það markmið að veita kennurum og öðru fagfólki verkfæri til að takast á við einstaklinga sem eiga í félagslegum vanda annars vegar og hópa sem glíma við samskiptavanda hins vegar. Þessu mun einnig vera fylgt eftir með reglulegum bekkjarfundum og nemendaviðtölum. Kynjasamsetning hópsins kallar einnig á að vinna með útrás og hvatningu. Einnig verður starfsmannahópurinn styrktur í heild með námsferð þar sem áherslan verður líðan hópsins sem og að styrkja kennarana í því að koma á móts við þarfir fjölbreytts nemendahóps.